

Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 26. September 2022 í fundarsal Vestfjarðarstofu, Suðurgötu 12, Ísafirði, kl 10.00

Mætt voru Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Aðalsteinn E Traustason. Einnig sátu fundinn Sigríður Ó Kristjánisdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Þinggerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti
2. Störf nýrrar stjórnar
 - a. Skipun varaformanns Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - b. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV
 - c. Fundir stjórnar FV/Vestfjarðastofu - fyrirkomulag
 - d. Skipun fulltrúa FV í sveitarstjórnarvettvang EES EFTA
 - e. Skipun fulltrúa FV í stjórn BsVest
3. Ályktanir 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, yfirferð og afgreiðsla
4. Eftirfylgni ríkisstjórnarfundar á Ísafirði 1.9.2022
5. Innsend erindi
 - a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
 - b. Tilnefning í fulltrúaráð Brákar
6. Þátttaka í fundum og ráðstefnum
 - a. Landsþing sveitarfélaga
 - b. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga
7. Umsagnir frá Alþingi
 - a. Mál 1. stjórnarfrumvarp til fjárlaga 2023
 - b. Mál 14. þingmannafrumvarp, breyting á kosningalögum
 - c. Mál 144. Stjórnarfrumvarp um breytingu á skipulagslögu (flutningslínur raforku)

Jóhanna Ösp setti fundinn og bauð nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa og á fyrsta stjórnarfund.

1. Þinggerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti

Lögð fram staðfest þinggerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. Með framlagningu þinggerðar staðfestist kjör stjórna, nefnda og ráða Fjórðungssambands og ályktanir þingsins. Vísast til þinggerðar

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/67thing/Haust/thinggerd-67.-fjordungstthing-ad-hausti.pdf>

Þingið hófst síðdegis á fimmtudegi 8. september og til hádegis á laugardegi 10. Sept. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 var afgreidd, samþykktar voru tíu ályktanir, kosið var í stjórnir, nefndir og ráð Fjórðungssambandsins og á föstudegi 9. sept var haldinn vinnudagur um samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum á nýju kjörtímabili. Vinnudeginum stjórnaði Sigurborg Hannesdóttir, frá Ildi ehf.

Sigurborg mun skila stjórn skýrslu um niðurstöðu vinnudags.

2. Störf nýrrar stjórnar

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga frá september 2022 til september 2024 skipa, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Reykhólahreppi, Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, Magnús Ingi Jónsson, Bolungarvíkurkaupstað, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ og Aðalsteinn E Traustason, Ísafjarðarbæ. Jóhanna Ösp var kosin formaður úr hópi stjórnar.

Framkvæmdastjóri kynnti fyrirkomulag á upplýsingasvæði stjórnar, boðun varamanna o.fl.

a. Skipun varaformanns Fjórðungssambands Vestfirðinga

Rætt um skipan varaformanns stjórnar, tillaga kom fram um Nanný Örnú Guðmundsdóttur. Tillagan samþykkt einróma.

b. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV

Með vísan til samþykkta FV er þeim sveitarstjórnnum sem ekki eiga fulltrúa í stjórn FV gefinn kostur á að skipa áheyrnarfulltrúa. Stjórn felur sviðsstjóra að senda erindi á Vesturbyggð, Súðavíkurhrepp, Árneshrepp, Kaldrananeshrepps og Strandabyggð.

c. Fundir stjórnar FV/Vestfjarðastofu - fyrirkomulag

Framkvæmdastjóri kynnti hvernig fyrirkomulag funda og ritun funda Fjórðungssambands og Vestfjarðarstofu hafa verið en fundirnir eru sameiginlegir. Formaður gerði tillögu um að halda áfram núverandi fyrirkomulagi með sameiginlegri ritun funda. Tillagan samþykkt.

d. Skipun fulltrúa FV í sveitarstjórnarvettvang EES EFTA

Lagður fram tölvupóstur frá Önnu G Björnsdóttur, sviðsstjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 14. September 2022, varðandi skipan fulltrúa Íslands í Sveitarstjórnarvettvang EES EFTA. Samkvæmt skiptireglu landshlutasamtaka verða formenn stjórnar FV, SSV, SSH og SSNV fulltrúar á tímabilinu 2022-2024. Framkvæmdastjóra falið að kynna að Jóhanna Ösp Einarsdóttir verði fulltrúi FV og Nanný Arna Guðmundsdóttir til vara.

e. Skipun fulltrúa FV í stjórn BsVest

Formaður kynnti að samkvæmt samþykktum Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks ses skipar stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga einn fulltrúa í fimm manna stjórn byggðasamlagsins. Jóhann Ösp sat í fyrri stjórn. Tillaga kom um Jóhanna sæti áfram til næsta aðalfundar á árinu 2023. Tillagan samþykkt.

3. Ályktanir 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, yfirferð og afgreiðsla

Árstillag og fjárhagsáætlun 2023. Sendist aðildarsveitarfélögum til upplýsingar fyrir fjárhagsáætlunargerð.

Ályktun um gerð svæðisskipulags.

Lögð fram tillaga um að vísa fyrstu skrefum í framkvæmd málsins til innviðanefndar FV. Tillagan samþykkt.

Ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum. Lögð fram tillaga að ályktunin verði kynnt umhverfis-orku og loftslagsráðuneyti og á fundum með ráðherra málaflokksins. Tillagan samþykkt.

Ályktun um starfshóp um gerð svæðisáætlunar um sorp.... á Vestfjörðum. Lögð fram til umræðu tillaga um framkvæmd máls. Tillagan samþykkt.

Ályktun um svæðisáætlun um sorp. Lögð fram tillaga til umræðu að fela Vestfjarðastofu að vinna tillögu um framkvæmd málsins og leggja að nýju fyrir stjórn. Tillagan samþykkt.

Ályktun um notkun ásætuvarna. Lögð fram til umræðu tillaga um að kynna efni hennar innan Matvælaráðuneytis, Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis, Innviðaráðuneytis auk Umhverfisstofnunar, Skipulagsstofnunar, Matvælastofnunar, Hafrannsóknarstofnunar og Náttúrufræðistofnun auk Náttúrustofu Vestfjarða og Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

Tillagan samþykkt.

Ályktun um þararæktun. Lögð fram til umræðu tillaga um að kynna efni ályktunar fyrir Matvælaráðuneyti. Tillagan samþykkt.

Ályktun um sauðfjárrækt og byggðapróun. Lögð fram til umræðu tillaga um að kynna efni ályktunar fyrir matvælaráðuneyti og innviðaráðuneyt. Tillagan samþykkt.

Ályktun um stofnun starfshóps um skiptingu tekna úr fiskeldissjóði. Stjórn staðfestir tillögu í tölvupósti 14. September s.l. frá sviðstjóra til stjórnar um að óska eftir tilnefningum sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem liggja að skilgreindu svæði þar sem heimilað er eldi frjórna laxfiska í sjó. Sviðsstjóri kynnti að tilnefningar sveitarfélaga liggi fyrir í þessari viku.

Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi. Lögð fram til umræðu tillaga að kynna efni ályktunar fyrir Forsætisráðuneyti, Háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti, Innviðaráðuneytið, Fjármálaráðuneyti, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands. Tillagan samþykkt.

Ályktun um málefni fatlaðs fólks. Lögð fram til umræðu tillaga um að kynna efni ályktunarinnar fyrir Fjármálaráðuneyti, Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Innviðaráðuneyti .. Tillagan samþykkt.

Ályktun um starfshóps um velferðarþjónustu. Stjórn staðfestir tillögu í tölvupósti 14. September s.l. frá sviðstjóra til stjórnar um að óska eftir tilnefningum sveitarstjórna á Vestfjörðum. Sviðsstjóri kynnti að tilnefningar sveitarfélaga liggi fyrir í þessari viku.

Ályktun Aflstöð þekkingar. Lögð fram til umræðu tillaga um að kynna efni ályktunar fyrir Forsætisráðuneyti, Fjármálaráðuneyti, Matvælaráðuneyti, Innviðaráðuneyti, Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti, Mennta og viðskiptaráðuneyti . Tillagan samþykkt.

4. Eftirfylgni ríkisstjórnarfundar á Ísafirði 1.september.2022

Fundur með sveitarfélögum á Vestfjörðum og ríkisstjórnar var haldinn þann 1. september s.l.. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga þakkar ríkisstjórn fyrir góðan fund. Fundinum hefur verið fylgt eftir með minnisblöðum til ráðuneyta og beðið er svara einstaka ráðherra.

5. Innsend erindi

a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 17. Ágúst 2022, með beiðni um stutta greinargerð um framkvæmd Sóknaráætlunar Vestfjarða og ráðstöfun framlags ársins 2022.

Lögð fram til kynningar greinargerð FV dags 5. september 2022 um framkvæmd verkefna á árinu 2022.

b. Tilnefning í fulltrúaráð Brákar

Lagt fram erindi 28. Júní 2022 um skipan landshlutasamtaka í fulltrúaráð húsnæðissjálfsseignarstofnunar Brákar. Rætt um tillögu að tilnefningu, tillaga kom fram um Magnús Inga Jónsson. Tillagan samþykkt.

6. Þátttaka í fundum og ráðstefnum

a. Landsþing sveitarfélaga

Landsþing sveitarfélaga verður haldið á Akureyri 28. – 30. September n.k., framkvæmdastjórar og formenn landshlutasamtaka eiga áheyrnar og tillögurétt á þinginu. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri sækji þingið.

Fyrir þingið verður haldinn fundur landshlutasamtaka sveitarfélaga sem formaður og framkvæmdastjóri sækja. Fundurinn verður haldinn á Húsavík.

b. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Boðað er til fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þann 13. og 14. október n.k., í Reykjavík. Formaður og framkvæmdastjóri eiga áheyrnar og tillögurétt á fjármálaráðstefnu. Formaður kynnti að hún væri forfölluð á þessum tíma. Samþykkt að fulltrúar Fjórðungssambands verði varaformaður og framkvæmdastjóri.

7. Umsagnir frá Alþingi

a. Mál 1. stjórnarfrumvarp til fjárlaga 2023

Lögð fram umsagnarbeiðni frá fjárlaganefnd Alþingis dags. 19. September 2022 varðandi stjórnarfrumvarp til fjárlaga 2023, umsagnarfrestur er til 7. október n.k.. Samþykkt að skila inn umsögn. Sviðsstjóri kynnti drög að efni umsagnar. Samþykkt að stjórn sendir ábendingar og sviðsstjóri vinni umsögn.

b. Mál 14. þingmannafrumvarp, breyting á kosningalögum

Lögð fram umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis dags 21. September s.l. um frumvarp till aga um breytingu á kosningalögum nr 112/2021 (jöfnun atkvæðavægis), 14. mál. Umsagnarfrestur er til 5. október n.k..

Stjórn samþykkir að gera ekki umsögn um málið.

c. Mál 144. Stjórnarfrumvarp um breytingu á skipulagslögu (flutningslínur raforku)

Lögð fram umsagnarbeiðini frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags í dag 26. September varðandi stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 144. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 7. október nk.

Frumvarpið var lagt fram á 152. löggjafarþingi en náði ekki afgreiðslu og nú lagt fram að nýju, áður hafði frumvarp verið lagt fram á 151. löggjafarþingi og tók nokkrum breytingum í framhaldinu. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur fylgt þessu máli frá upphafi og talin sátt um framkvæmd þess. Stjórn samþykkir að skila ekki umsögn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.55.